

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.12.2017

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 12.12.2017

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Dagný setur fundinn og stýrir honum þar til Vignir mætir.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Styrkbeiðni v/barna og æskulýðsstarfs Hólaneskirkju
2. Bréf v/stuðnings við Snorraverkefnið 2018
3. Styrkbeiðni USAH
4. Jólasjóður Rauða Krossins
5. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins
6. Styrkbeiðni frá Saman hópnum
7. Fjárhagsáætlanir 2018-2021 seinni umræða
8. Umsókn um breytingu á húsnæði
9. Bréf frá Skipulagsstofnun
10. Sameiginleg lögreglusamþykkt sveitarfélaga á Nl.vestra
11. Deiliskipulag í Kálfshamarsvík
12. Önnur mál

1. Styrkbeiðni v/barna og æskulýðsstarfs Hólaneskirkju

Óskað er eftir kr. 25.000 en samþykkt að veita 40 þúsund eins og síðasta ár.

2. Bréf v/stuðnings við Snorraverkefnið 2018

Beiðni hafnað.

3. Styrkbeiðni USAH

Samþykkt að styrkja um kr. 80.000

4. Jólasjóður Rauða Krossins

Samþykkt að greiða 100 þúsund

5. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins

Samþykkt að styrkja um kr. 20.000

6. Styrkbeiðni frá Saman hópnum

Samþykkt að styrkja um kr. 20.000

7. Fjárhagsáætlanir 2018 og 2019-2021 seinni umræða

Útsvarsprósenta verður 14,52% og fasteignaskattur 0,4%

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árið 2018 rædd og borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða. Skatttekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar kr. 83.380 miljónir og gjöld eru áætluð 80.380 miljónir. Niðurstaða er jákvæð um 1.951 miljónir þegar tillit hefur verið tekið til fjármunatekna og b-hluta fyrirtækis.

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árin 2019-2021 tekin til annarar umræðu og borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

8. Umsókn um breytingu á húsnæði.

Óskað er eftir því að skráning á sumarbústaðnum Tjarnarlundi verði breytt í heilsársárshúsnæði.

Fyrir fundinum liggur samþykki frá Byggingar og skipulagsnefnd.

Sveitarstjórn samþykkir erindið þar sem Tjarnarlundur er innan núverandi þjónustusvæðis.

9. Bréf frá Skipulagsstofnun

Vignir kynnti bréf frá Skipulagsstofnun sem sent var Neyðarlínunni vegna framkvæmda í Steinnýjarstaðafjalli og Geldingaskarði þar sem óskað er eftir gögnum frá Neyðarlínunni um umfang framkvæmdarinnar. Oddvita falið að ganga eftir svari frá Skipulagsstofnun.

10. Sameiginleg lögreglusamþykkt á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá tillaga að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Norðurlandi vestra. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti þessa lögreglusamþykkt og telur nauðsynlegt að sameiginleg samþykkt gildi fyrir öll sveitarfélög á Norðurlandi vestra.

11. Deiliskipulag í Kálfshamarsvík

Rætt var um gerð deiliskipulags í Kálfshamarsvík, einnig var rædd salernisaðstaðan þar sem hefur verið í ólagi. Samþykkt var að athuga með gerð deiliskipulags. Oddvita falið að vinna að málinu.

12. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt . Fundi slitið 17,15